

## Upplýsingagjöf fyrir samninga um fjármálaafurðina sem um getur í 1., 2. og 2a. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852

Heiti vöru:

abrdn SICAV I - Emerging Markets Income Equity Fund

Auðkenni lögaðila

213800VCEJLGPWHK19

### Umhverfistengd og/eða samfélagsleg einkenni

Hefur þessi fjármálaafurð sjálfbær fjárfestingarmarkmið?

Já

Nei

Lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið verður:

í atvinnustarfsemi sem telst sjálfbær í umhverfislegu tilliti samkvæmt flokkunarkerfi ESB

í atvinnustarfsemi sem telst sjálfbær í umhverfislegu tilliti samkvæmt flokkunarkerfi ESB

Það mun gera að lágmarki sjálfbærar fjárfestingar með samfélagsmarkmið \_\_\_%

Hún stuðlar að umhverfislegum/samfélagslegum (E/S) einkennum og á meðan hún hefur ekki að markmiði sjálfbæra fjárfestingu mun hún hafa að lágmarki 10% af sjálfbærum fjárfestingum

með umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

með umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst ekki vera umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

með samfélagslegt markmið

Það stuðlar að E/S einkennum, en mun ekki framkvæma neinar sjálfbærar fjárfestingar

Með sjálfbærri fjárfestingu er átt við fjárfestingu í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfislegum eða samfélagslegum markmiðum, að því tilskildu að fjárfestingin valdi ekki verulegum skaða á neinum umhverfislegum eða samfélagslegum markmiðum og að fyrirtækin sem fjárfest er í aðhyllist góða stjórnarhætti.

Flokkunarkerfi ESB er flokkunarkerfi sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2020/852, sem kemur á lista yfir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Sú reglugerð inniheldur ekki skrá yfir samfélagslega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið gætu verið í samræmi við flokkunina eða ekki.



Hvaða umhverfistengdu og/eða samfélagslegu einkenni stuðlar þessi fjármálaafurð að?

Sjálfbærnivísar mæla hvernig þeim umhverfislegu eða samfélagslegu einkennum sem fjármálaafurðin stuðlar að er náð.

Til að stuðla að umhverfislegum og félagslegum eiginleikum beitir sjóðurinn ESG-mats- og skimunarskilyrðum og stuðlar að góðum stjórnunarháttum að meðtöldum félagslegum þáttum.

Við notum okkar eigin rannsóknarramma til að greina undirstöður hvers fyrirtækis til að tryggja viðeigandi samhengi við fjárfestingar okkar. Hann tekur til varanleika viðskiptalíkansins, aðdráttarfls starfsgreinarinnar, fjármagnsstyrks og sjálfbærni efnahagslegs samkeppnisforsks.

Við íhugum einnig gæði stjórnendahópsins og greinum umhverfis-, félags- og stjórnunarlega (e. environmental, social and governance, ESG) möguleika og áhættu sem hafa áhrif á fyrirtækið og metum hversu vel þessu er stjórnað. Við beitum sérstöku stigakerfi okkar til að draga betur fram gæðaeiginleika hvers fyrirtækis og einn þátturinn er ESG-gæðamat. Þetta gerir stjórnendum eignasafna kleift að útiloka fyrirtæki með verulega ESG-áhættu, sveigja eignasafnið að ESG-tækifærum og byggja upp fjölbreytt og áhættudreift eignasafn.

Þar að auki er okkar eigin ESG-stigagjöf, sem þróuð er af aðal ESG-fjárfestingateyminu okkar, í samvinnu við megindlega fjárfestingateymið, notuð til að bera kennsl á fyrirtæki með tiltölulega mikilli eða illa stjórnaðri ESG-áhættu. Stigin eru reiknuð með því að sameina ýmis konar gagnailög innan rammans okkar þar sem mismunandi ESG-þættir eru vegnir eftir því hversu mikilvægir þeir eru fyrir hverja grein. Þetta gerir okkur kleift að sjá hvernig fyrirtæki standa sig í alþjóðlegum samanburði.

Að auki notum við einnig virka stjórnun og framfylgni.

Þessi sjóður hefur fjárhagslegt viðmið sem er notað fyrir uppbyggingu eignasafns en felur ekki í sér nein skilyrði um sjálfbærni og er ekki valið í þeim tilgangi að öðlast þessa eiginleika. Fjárhagslega viðmiðið er notað sem afkomuviðmið fyrir frammistöðu sjóðsins og sem samanburðarþáttur í skuldbindingum hans.

● **Hvaða sjálfbærnivísar eru notaðir til að mæla árangur hvers þess umhverfislegu eða samfélagslegu einkenna sem fjármálaafurðin stuðlar að?**

Mælingar sem sjóðurinn notar eru:

- ESG-matsskilyrði,
- ESG-skimunarskilyrði,
- kolefnisstig sem er lægra en viðmiðið,
- sækist eftir ESG-mati sem er betra en eða jafnt viðmiðinu og
- stuðlar að góðum stjórnarháttum, þ. á m. félagslegum þáttum.

Að auki þá notum við einnig virka stjórnun og framfylgni.

Sjóðurinn leitast einnig við að útiloka a.m.k. neðstu 5% fyrirtækja með lægstu ESG-fyrirtækjastigagjöfina í viðmiðinu.

● **Hver eru markmið þeirra sjálfbæru fjárfestinga sem fjármálaafurðin ætlar sér að hluta til að gera og hvernig stuðlar sjálfbær fjárfesting að slíkum markmiðum?**

Markmið sjálfbærra fjárfestinga er að leggja sitt af mörkum við að leysa umhverfisleg eða samfélagsleg vandamál, ásamt því að valda ekki verulegum skaða og beita góðum stjórnarháttum. Hver sjálfbær fjárfesting getur lagt ákveðið af mörkum til umhverfis- og samfélagsmála. Í raun leggja mörg fyrirtæki jákvæða hluti af mörkum til hvort tveggja. Það er notast við sex umhverfismarkmið í flokkun sinni til upplýsinga fyrir umhverfisframlag sitt, þar á meðal: (1) mildun loftslagsbreytinga, (2) aðlögun að loftslagsbreytingum, (3) sjálfbær nýting og vernd vatns- og sjávarauðlinda, (4) umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, (5) mengunarvarnir og stýring og (6) verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Að auki notar abrdn markmiðin 17 um sjálfbæra þróun og undirmarkmið þeirra til að auka við flokkunarfræðiefni ESB og leggja til nálgun fyrir félagsleg markmið.

Efnahagsleg starfsemi verður að fela í sér efnahagslega jákvætt framlag til að teljast sjálfbær fjárfesting, það tekur einnig til tekna sem taka mið af umhverfi eða samfélagi, Capex, Opex eða sjálfbærri starfsemi. abrdn leitast við að greina eða meta hver er hluti fyrirtækisins sem fjárfest er í þegar kemur að umhverfislegri virkni/framlögum til sjálfbærra markmiða og það er þessi þáttur sem er veginn og metinn með tilliti til heildarhlutfalls sjálfbærra fjárfestinga hjá undirsjóðnum.

abrdn nálgast þetta með eftirfarandi nálgun:

- i. megindlegri aðferðafræði sem byggir á samsetningu opinberra og tiltækra gagnaveita; og
- ii. með því að nota eigin innsýn og niðurstöður skuldbindinga sinna samnýtir abrdn megindlega aðferðafræði sína og eigindlegt mat til að reikna heildarþrósentu efnahagslegs framlags í átt að sjálfbæru markmiði fyrir hverja eign í sjóði.

● **Hvernig valda sjálfbærar fjárfestingar sem fjármálaafurðin er að hluta til miðuð að, ekki verulegum skaða á neinum umhverfislegum eða samfélagslegum sjálfbærum fjárfestingarmarkmiðum?**

Samkvæmt kröfum framseldrar reglugerðar SFDR veldur fjárfestingin ekki verulegum skaða („veldur ekki verulegu tjóni“/„DNSH“, e. Do No Significant Harm) á neinum af markmiðunum um sjálfbærar fjárfestingar.

Helstu skaðlegu áhrif eru mikilvægustu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti sem tengjast umhverfislegum, samfélagslegum og starfsmannatengdum

þáttum, virðingu fyrir mannréttindum, baráttu gegn spillingu og aðgerðum gegn mútugreiðslum.

abrdn hefur búið til þriggja skrefa ferli til að tryggja að tekið sé tillit til DNSH:

i. Útilokun greina

abrdn hefur skilgreint nokkrar greinar sem sjálfkrafa eru ekki gjaldgengar sem sjálfbærar fjárfestingar þar sem þær teljast valda verulegum skaða. Þar á meðal eru, en takmarkast ekki við: (1) varnarmál, (2) kol, (3) leit að olíu og gasi, framleiðsla og tengd starfsemi, (4) tóbak, (5) fjárhættuspil og (6) áfengi.

ii. DNSH tvíhliða próf

DNSH-prófið er tvíhliða próf sem hægt er að standast eða falla á og gefur til kynna hvort fyrirtæki standist viðmiðanir 17. mgr. 2. gr. SFDR „veldur ekki verulegum skaða“ eða ekki.

Standist fyrirtæki prófið samkvæmt aðferðafræði abrdn hefur það enga tengingu við umdeild vopn, minna en 1% af tekjum sínum af kolavinnslu með hita, minna en 5% af tekjum sínum af starfsemi sem tengist tóbaki, er ekki tóbaksframleiðandi og hefur ekkert rautt/alvarlegt ESG-ágreiningsefni. Falli fyrirtækið á þessu prófi getur það ekki talist sjálfbær fjárfesting. Nálgun abrdn er í samræmi við SFDR PAI sem sjá má í töflum 1, 2 og 3 í framseldri reglugerð SFDR og byggir á ytri gagnaveitum og skilningi abrdn.

iii. DNSH-mikilvægismerking

Með nokkrum skimunum og merkingum til viðbótar getur abrdn skoðað frekari SFDR PAI-vísa samkvæmt skilgreiningum í framseldri reglugerð SFDR til að auðkenna þau svið þar sem rúm er til úrbóta eða tilefni er til áhyggna í framtíðinni. Þessir vísar teljast ekki valda verulegum skemmdum og því getur fyrirtæki með DNSH-mikilvægismerkingu samt sem áður talist sjálfbær fjárfesting. abrdn miðar að því að auka skuldbindingar um að leggja áherslu á þessi svið og leitast við að skila betri útkomu með úrlausn þessara mála.

→ *Hvernig hefur verið tekið tillit til vísbendinga um skaðleg áhrif á sjálfbærniþætti?*

Sjóðurinn tekur tillit til vísa um helstu neikvæð áhrif (e. Principle Advert Impact Indicators, PAI) sem skilgreindir eru í framseldri reglugerð SFDR.

Fyrir fjárfestingu beitir abrdn fjölda skannana byggðum á viðmiðum og virkni sem tengjast PAI, sem fela í sér en takmarkast ekki við: hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, umdeild vopn og vinnsla kola til hitunar.

**UNGC:** Sjóðurinn notar viðmiðanatengdar skimanir og ágreiningssíur til að útiloka fyrirtæki sem gætu verið að brjóta gegn alþjóðlegum viðmiðunum sem lýst er í viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölpjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, sem og stofnanir í ríkiseigu í löndum sem virða ekki reglur.

**Umdeild vopn:** Sjóðurinn útilokar fyrirtæki með viðskiptastarfsemi sem tengist umdeildum vopnum (klasasprengrum, jarðsprengjum, kjarnorkuvopnum, efnavopnum og líffræðilegum vopnum, hvít-forfórsprengjum, vopnum sem nota ógreinanleg brot, íkveikjubúnaði, skotfærum úr rýru úrani eða blindandi leysigeislum).

**Vinnsla kola til hitunar:** Sjóðurinn útilokar fyrirtæki með tengsl við jarðefnaeldsneytisgeirann, byggt á hlutfalli heildartekna frá vinnslu kola til hitunar.

abrdn beitir fjölda fyrirtækjaútilokana sem eiga sérstaklega við um sjóðinn, fleiri upplýsingar um þetta og heildarferlið er að finna í fjárfestingaraðferðinni sem er birt á [www.abrdn.com](http://www.abrdn.com) undir „Fund Centre“.

Eftir fjárfestingu eru eftirtaldir PAI-vísar hafðir í huga:

- abrdn fylgist með öllum skyldubundnum og viðbótar PAI-vísnum með ESG-sambættingarfjárfestingarferli okkar með því að nota sambland af okkar eigin stigagjöf og gögn frá þriðja aðila. PAI-vísar sem annaðhvort falla á tilteknu tvíhliða prófi eða sem litið er á að falli utan hins dæmigerða eru merktir til athugunar og gætu verið valdir fyrir fyrirtækjaskuldbindingu.
- Tekið er tillit til koltvísyringsstigs og losunar gróðurhúsalofttegunda í eignasafni með loftslagsverkfærum okkar og áhættugreiningu

- Stjórnunarvísar með okkar eigin stjórnunarstigagjöf og áhætturamma, þ.m.t. að hafa í huga trausta stjórnunarhætti, tengsl við starfsfólk, laun starfsfólks og fylgni við skattalög
- Fjárfestingaheimurinn er skimaður viðvarandi fyrir fyrirtækjum sem gætu verið að brjóta gegn alþjóðlegum viðmiðunum sem lýst er í viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

→ Hvernig eru sjálfbærar fjárfestingar í samræmi við viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi? Upplýsingar:

Sjóðurinn notast við viðmiðanatengdar skimanir og ágreiningssíur til að útiloka fyrirtæki sem gætu verið að brjóta gegn alþjóðlegum viðmiðunum sem lýst er í viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

*Í flokkunarkerfi ESB er sett fram meginreglan „valda ekki verulegum skaða“ þar sem fjárfestingar í samræmi við flokkun ættu ekki að valda verulegum skaða á markmiðum ESB flokkunarkerfisins og henni fylgja sérstök viðmið ESB.*

Meginreglan um „að valda ekki verulegum skaða“ á aðeins við um þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðarinnar þar sem tekið er tillit til viðmiða ESB um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Fjárfestingarnar sem liggja til grundvallar þess sem eftir er af þessari fjármálaafurð taka ekki tillit til viðmiða ESB um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

*Engin önnur sjálfbær fjárfesting mega valda verulegum skaða á neinum umhverfislegum eða samfélagslegum markmiðum.*



## Tekur þessi fjármálaafurð til hliðsjónar helstu skaðlegu áhrif á sjálfbærniþætti?

Já, Þessi sjóður lítur til helstu neikvæðu áhrifa (e. Principal Adverse Impacts, PAI) hvað varðar sjálfbærniþætti.

Vísar fyrir helstu neikvæðu áhrif eru mælieiningar sem mæla neikvæð áhrif á umhverfis- og samfélagsmál. aBrðn lítur til PAI í fjárfestingaferlinu fyrir sjóðinn, þetta getur falið í sér að íhuga hvort eigi að fjárfesta. Einnig er hægt að nota PAI sem samskiptatól, til dæmis þar sem engin stefna er til staðar og það gæti gagnast. Þar sem kolefnislosun telst há gæti aBrðn leitast við að koma á langtímamarkmiði og áætlun til að draga úr henni. aBrðn leggur mat á PAI með því að nota meðal annars PAI-vísana sem vísað er til í framseldri reglugerð SFDR; hins vegar fer það eftir framboði, gæðum og mikilvægi gagna fyrir fjárfestingarnar hvort tekið er tillit til allra SFDR PAI-vísa. Þar sem sjóðir líta til PAI verða upplýsingar um það í ársskýrslum.

Nei



## Hvaða fjárfestingarstefnu fylgir þessi fjármálaafurð?

Sjóðurinn velur fyrirtæki með áherslu á myndun fjárstreymis og getunnar til að ráðstafa fjármunum á árangursríkan hátt með neðansækinni rannsóknaraðferð sem tekur einnig til greina bæði umhverfis-, félags- og stjórnunarlega (ESG) áhættu og tækifæri.

ESG-greining er lykilþáttur af heildar hlutabréfarannsóknarferli okkar og hefur þrjár meginreglur:

- Upplýst og uppbyggileg skuldbinding hjálpar til við að ýta undir betri fyrirtæki og auka við gildi fjárfestinga viðskiptavina okkar.
- ESG-þættir eru fjárhagslega mikilvægir og hafa áhrif á frammistöðu fyrirtækja.
- Skilningur á ESG-áhættu og tækifærum ásamt öðrum fjárhagslegum mælikvörðum gerir okkur kleift að taka betri fjárfestingaákvörðanir.

Við notum okkar eigin rannsóknarramma til að greina grundvöll hvers fyrirtækis til að tryggja viðeigandi samhengi fyrir fjárfestingar okkar. Hann tekur til varanleika viðskiptalíkansins, aðdráttarafls starfsgreinarinnar, fjármagnsstyrks og sjálfbærni efnahagslegs samkeppnisforskots.

Við íhugum einnig gæði stjórnendahópsins og greinum umhverfis-, félags- og stjórnunarlega (e. environmental, social and governance, ESG) möguleika og áhættu sem hafa áhrif á fyrirtækið og metum hversu vel þessu er stjórnað. Við beitum eigin stigagjöf til að kalla betur fram gæðaeiginleika hvers fyrirtækis og ein þeirra er ESG-gæðamat. Þetta gerir stjórnendum eignasafna kleift að útiloka fyrirtæki með verulega ESG-áhættu og sveigja eignasafnið að ESG-möguleikum og byggja upp fjölbreytt og áhættudreift eignasafn.

Okkar eigin ESG-stigagjöf, sem þróuð er af aðal ESG-fjárfestingateyminu okkar í samvinnu við meginlega fjárfestingateymið, er notuð til að bera kennsl á fyrirtæki með tiltölulega hári eða illa stjórnaðri

ESG-áhættu. Stigin eru reiknuð með því að sameina ýmis konar gagnailög innan einkarammans þar sem mismunandi ESG-þættir eru vegnir eftir því hversu mikilvægir þeir eru fyrir hverja atvinnugrein. Þetta gerir okkur kleift að sjá hvernig fyrirtæki raðast í alþjóðlegu samhengi.

ESG-stigagjöf abrdn var hönnuð þannig að hægt er að skipta henni niður í sérstök þemu og þætti. ESG-stigin eru tvíþætt: rekstrarstig og stjórnunarstig. Þetta gerir okkur kleift að fá fljótlegan og ítarlegan samanburð við stöðu fyrirtækja þegar kemur að stjórn ESG-málefna.

- Kvarðinn er notaður til að meta stjórnun fyrirtækis, gæði og hegðun leiðtoga þess og framkvæmdastjórnar.
- Með rekstrarstigum er metin geta leiðtogaeymis fyrirtækis til að draga skilvirkt úr áhættu í umhverfislegum og félagslegum þáttum og beita mildandi aðferðum í starfseminni.

Þar að auki notum við einnig virka stjórnun og framfylgni.

Til að auka við neðansækna rannsóknina nota eignasafnsstjórnarnir einnig sérstaka ESG-stigagjöf abrdn sem er aðallega meginlegt mat til að bera kennsl á og útiloka þau fyrirtæki sem eru mest útsett fyrir hæstu ESG-áhættunni.

### ● **Hverjir eru bindandi þættir fjárfestingarstefnunnar sem notuð eru til að velja fjárfestingar til að uppfylla hvert þeirra umhverfislegu eða samfélagslegu einkenna sem þessi fjármálaafurð á að stuðla að?**

Bindandi þættir sem sjóðurinn notar eru:

- kolefnisstig sem er lægra en viðmiðið og
- að sækjast eftir ESG-mati sem er betra en eða jafnt viðmiðinu.

Tvíhliða útilokunum er beitt til að útiloka ákveðin svið fjárfestinga sem tengjast hnattrænu samkomulagi SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, umdeildum vopnum, tóbaksframleiðslu og kolavinnslu með hita. Þessi skimunarviðmið eru bindandi og gilda ávallt.

Fjárfestingaraðferðin

leiðbeinir

fjárfestingarákvörðunum

sem byggja á þáttum eins og

fjárfestingarmarkmiðum og

áhættuþoli.



Góðir stjórnarhættir fela í sér heilbrigða stjórnunaruppbyggingu, samskipti starfsmanna, þóknun starfsfólks og skattaeftirlit.

- **Hver er skuldbundin lágmarkshlutdeild til að draga úr umfangi þeirra fjárfestinga sem skoðaðar eru áður en þeirri fjárfestingarstefnu er beitt?**

Sjóðurinn útilokar a.m.k. lágstu 5% fyrirtækja sem hafa lágstu ESG-fyrirtækjastigagjöfina í viðmiðinu.

- **Hver er stefnan við að meta góða stjórnarhætti fyrirtækja sem fjárfest er í?**

Fyrir þennan sjóð þarf fjárfestingafyrirtækið að fara að góðum stjórnarháttum, einkum m.t.t. traustra stjórnarháttanna, starfsmannatengsla, launa starfsfólks og fylgni við skattalög. Þetta má sýna fram á með vöktun á ákveðnum PAI-vísum, til dæmis spillingu, fylgni við skattalög og fjölbreytni. Ennfremur getur abrdn notað eigin ESG-stig í fjárfestingaferlinu til að útiloka allar fjárfestingar sem skora lágt í stjórnunarháttum. Með stigum okkar fyrir stjórnunarhætti er lagt mat á stjórnskipulag og stjórnunarhætti fyrirtækis (þar á meðal launastefnu) og gæði og hegðun leiðtoga þess og yfirstjórn. Fá stig eru yfirleitt gefin þegar áhyggjur eru af fjárhagslega mikilvægum deilum, lélegri fylgni við skattalög eða áhyggjur af stjórnun eða slæmri meðferð á starfsfólki eða hluthöfum sem eru í minnihluta.

Einnig verður fjárfestingin að vera í samræmi við leiðbeiningar OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um fyrirtæki og mannréttindi. Brot gegn þessum alþjóðlegu viðmiðunum eru merkt með tilvikatengdum ágreiningsefnum og er litið til þeirra í fjárfestingaferlinu.




## Hver er fyrirhuguð eignauðhlutun fyrir þessa fjármálaafurð?

Minnst 70% af eignum sjóðsins eru í samræmi við umhverfislega og/eða félagslega eiginleika. Umhverfis- og samfélagslegar varúðarráðstafanir eru uppfylltar með því að beita tilteknum PAI-vísu á þessar undirliggjandi eignir þar sem við á. Innan þessara eigna skuldbindur sjóðurinn sig til að minnst 10% skuli vera í sjálfbærum fjárfestingum. Sjóðurinn fjárfestir mest 30% af eignum sínum í flokknum „annað“, en í þeim flokki eru reiðufé, peningamarkaðsgjeringar og afleiður.

**Eignauðhlutun** lýsir hlutdeild fjárfestinga í tilteknum eignum.

Flokkunartengd starfsemi er gefin upp sem hlutfall af:

- **veltu** sem endurspeglar hlutfall tekna af grænni starfsemi fyrirtækja sem fjárfest er í
- **fjármagnsútgjöldum** (CapEx) sem sýnir grænar fjárfestingar félaga sem fjárfest er í, t.d. fyrir umskipti yfir í grænt hagkerfi.
- **rekstrarútgjöldum** (OpEx) sem endurspeglar græna rekstrarstarfsemi fyrirtækja sem fjárfest er í.



**#1 Samræmd við E/S eiginleika** felur í sér fjárfestingar fjármálavörunnar sem notuð eru til að ná þeim umhverfis- eða samfélagslegu einkennum sem fjármálavaran stuðlar að.

**#2 Annað** felur í sér eftirstandandi fjárfestingar fjármálavörunnar sem hvorki eru í samræmi við umhverfis- eða samfélagslega eiginleika, né teljast sjálfbærar fjárfestingar.

Flokkurinn **#1 Samræmd við E/S eiginleika** nær yfir:

- Undirflokkurinn **#1A Sjálfbær** nær yfir sjálfbærar fjárfestingar með umhverfis- eða samfélagsleg markmið.

- Undirflokkurinn **#1B Aðrir E/S eiginleikar** nær yfir fjárfestingar í samræmi við umhverfis- eða samfélagslega eiginleika sem ekki teljast sjálfbærar fjárfestingar.

### ● **Hvernig nær notkun afleiðna að uppfylla þau umhverfistendu eða samfélagslegu einkenni sem fjármálaafurðin stuðlar að?**

Sjóðurinn notast ekki við afleiður til að ná fram neinum umhverfislegum eða samfélagslegum þáttum.



### **Að hvaða lágmarki eru sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið í samræmi við flokkun ESB?**

Sjóðurinn hefur ekki sett sér lágmarkshlutfall fjárfestinga í atvinnustarfsemi sem er í samræmi við flokkunarþætti. Grafið táknar 100% af heildarfjárfestingunni.

### ● **Fjárfestir fjármálaafurð í jarðefnagasi og/eða starfsemi tengdri kjarnorku sem er í samræmi við flokkunarkerfi ESB?**<sup>1</sup>

Já

<sup>1</sup> Jarðefnagas og/eða kjarnorkutengd starfsemi mun aðeins vera í samræmi við flokkun ESB þar sem hún stuðlar að því að takmarka loftslagsbreytingar („mót vægi við loftslagsbreytingar“) og skaðar ekki verulega nein markmið flokkunarkerfis ESB - sjá skýringar á vinstri spássíu. Öll viðmið fyrir jarðefnagas og kjarnorkustarfsemi sem er í samræmi við flokkunarkerfi ESB er mælt fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1214.


Í jarðefnagasi

Í kjarnorku


Nei

Línuritin tvö hér að neðan sýna með grænu lágmarkshlutdeild fjárfestinga sem eru í samræmi við flokkunarkerfi ESB. Þar sem engin viðeigandi aðferðafræði er til að ákvarða flokkunarskipan ríkisskuldabréfa\* sýnir fyrsta línuritið flokkunarskipunina í tengslum við allar fjárfestingar fjármálaafurðarinnar, þar með talið ríkisskuldabréf, en annað línuritið sýnir flokkunarskipunina eingöngu tengslum við fjárfestingar annarrar fjármálaafurðar en ríkisskuldabréfa.

1. Flokkunarfræði jöfnun fjárfestinga þar á meðal ríkisskuldabréf\*



2. Flokkunarfræði jöfnun fjárfestinga fyrir utan ríkisskuldabréf\*



Þetta línurit tákna 100% af heildarfjárfestingum.

\*Í þessum línuritam samanstanda „ríkisskuldabréf“ af öllum skuldabréfum ríkisins

**Virkjunarstarfsemi** gerir annarri starfsemi beinlínis kleift að leggja verulegt framlag til umhverfismarkmiða.

**Umskiptastarfsemi** er starfsemi þar sem kolefnissnauður kostir eru enn ekki fánlegir og meðal annars með losun gróðurhúsalofttegunda sem samsvarar bestu frammistöðu.

**Hver er lágmarkshlutdeild fjárfestinga í bráðabirgða- og virkjunarstarfsemi?**

Á ekki við.



**Hver er lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem eru ekki í samræmi við flokkunarkerfi ESB?**

Sjóðurinn velur fyrirtæki með áherslu á myndun fjárstreymis og getunnar til að ráðstafa fjármunum á árangursríkan hátt í gegnum neðansækið rannsóknarferli á hlutabréfum þar sem einnig er tekið tillit til umhverfislegra, samfélagslegra og stjórnunarlegra (ESG) þátta og tækifæra. Í ferli okkar fyrir hlutabréfafjárfestingar fær hvert fyrirtæki sem við fjárfestum í sérstaka heildargæðaflokkun sem byggir á okkar eigin gæðamati. Lykilþáttur í þessu er ESG-gæðaflokkunin sem gerir eignasafnsstjórum kleift að bera kennsl á leiðandi sjálfbær fyrirtæki og umbótayfirtæki og byggja upp fjölbreytt og áhættudreift eignasafn.

Auk hinnar neðansæknu rannsóknar nota eignasafnsstjórnarnir einnig sérstaka ESG-stigagjöf abrdn sem er aðallega megindlegt mat til að bera kennsl á og útiloka þau fyrirtæki sem eru mest útsett fyrir hæstu ESG-áhættunni. Að lokum er tvíhliða útilokunum beitt til að útiloka tiltekin fjárfestingasvæði.



eru sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið sem **taka ekki tillit til viðmiða** fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarkerfi ESB.



Þetta ferli skilar sér í að sjóðurinn festir að lágmarki 70% í hlutabréfum með umhverfis- og félagslega eiginleika og að lágmarki 10% í sjálfbærum fjárfestingum sem taka inn bæði umhverfislega og félagslega eiginleika sem eru ekki beint flokkunarfræðilega samstilltir. Lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga með umhverfislegu markmiði er 2%.



### Hvað er lágmarks hluti af félagslega sjálfbærri fjárfestingu?

Sjóðurinn velur fyrirtæki með áherslu á myndun fjárstreymis og getunnar til að ráðstafa fjármunum á árangursríkan hátt í gegnum neðansækið rannsóknarferli á hlutabréfum þar sem einnig er tekið tillit til umhverfislegra, samfélagslegra og stjórnunarlegra (ESG) þátta og tækifæra. Í ferli okkar fyrir hlutabréfafjárfestingar fær hvert fyrirtæki sem við fjárfestum í sérstaka heildargæðaflokkun sem byggir á okkar eigin gæðamati. Lykilþáttur í þessu er ESG-gæðaflokkunin sem gerir eignasafnsstjórum kleift að bera kennsl á leiðandi sjálfbær fyrirtæki og umbótafyrirtæki og byggja upp fjölbreytt og áhættudreift eignasafn.

Auk hinnar neðansæknu rannsóknar nota eignasafnsstjórnarnir einnig sérstaka ESG-stigagjöf abrdn sem er aðallega megindlegt mat til að bera kennsl á og útiloka þau fyrirtæki sem eru mest útsett fyrir hæstu ESG-áhættunni. Að lokum er tvíhliða útilokunum beitt til að útiloka tiltekin fjárfestingasvæði.

Þetta ferli skilar sér í að sjóðurinn festir að lágmarki 70% í hlutabréfum með umhverfis- og félagslega eiginleika og að lágmarki 10% í sjálfbærum fjárfestingum sem taka inn bæði umhverfislega og félagslega eiginleika sem eru ekki beint flokkunarfræðilega samstilltir. Lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga með samfélagslegu markmiði er 2%.



### Hvaða fjárfestingar eru innifaldar undir „#2 Annað“, hver er tilgangur þeirra og eru einhverjar lágmarks verndarráðstafanir varðandi umhverfisleg eða samfélagsleg atriði?

Fjárfestingarnar sem falla undir „annað“ eru reiðufé, peningamarkaðsgerningar og afleiður. Tilgangur þessara eigna er að mæta lausafjárþörf, markmiðum um ávöxtun eða stjórna áhættu, en ekki er víst að þær skili neinu hvað varðar umhverfislega eða samfélagslega þætti sjóðsins.

Ákveðnir umhverfislegir og félagslegir varnaglar eru uppfylltir með því að nota PAI-vísa. Þar sem það á við er þeim beitt á undirliggjandi verðbréf.



### Er ákveðin vísitala tilnefnd sem viðmiðunargildi til að ákvarða hvort þessi fjármálaafurð sé í samræmi við þau umhverfislegu og/eða samfélagslegu einkenni sem hún stuðlar að?

Nei

- **Hvernig er viðmiðunargildi stöðugt í samræmi við hvert þeirra umhverfislegu eða samfélagslegu einkenna sem fjármálaafurðin stuðlar að?**

Á ekki við

- **Hvernig er stöðugt tryggt að fjárfestingarstefnan samræmist aðferðafræði vísitölnnar?**

Á ekki við

- **Hvernig er tilnefnd vísitala frábrugðin viðeigandi breiðri markaðsvísitölu?**

Á ekki við

Viðmiðunargildi eru vísitölur til að mæla hvort fjármálaafurðin nær að uppfylla þau umhverfislegu eða samfélagslegu einkenni sem á að stuðla að.

- **Hvar er að finna aðferðafræðina sem notuð er við útreikning á tilnefndri vísitölu?**

Á ekki við



### **Hvar get ég fundið frekari vöruupplýsingar á netinu?**

Finna má skjöl um sjóðinn, þar á meðal fyrir upplýsingaskyldu sjóðsins hvað varðar sjálfbærni, á [www.abrdn.com](http://www.abrdn.com) undir **Fund Centre**.

### **Nánari vörusértækar upplýsingar er að finna á :**

Finna má skjöl um sjóðinn, þar á meðal fyrir upplýsingaskyldu sjóðsins hvað varðar sjálfbærni, á [www.abrdn.com](http://www.abrdn.com) undir **Fund Centre**.